

Ungt tónlistarfólk í Betrunarhúsi

Málsaðili : Garðabær
Tengiliður :
Dagsetning : 06.11.2022
Númer : 2211081
Flokkur :

Efni : Í aðdraganda listahátíðarinnar Rökkvunnar kom bersýnilega í ljós þörf fyrir húsnæði fyrir ungt listafólk í Garðabæ. Framkvæmdastjórn Rökkvunnar sem skipuð er 6 ungum tónlistarmönnum úr Garðabæ gerðu salinn við hlið Gróskusalar í Betrunarhúsi að fínasta rými en þau þrifu og skreyttu salinn. Þar var haldinn listamarkaður ungmenna á Rökkvunni og mikil ánægja með notkun á salnum meðal ungmennanna og gesta hátíðarinnar. Framkvæmdastjórn Rökkvunnar kom að máli við menningarfulltrúa og báðu um afnot af salnum fyrir viðburði s.s. tónleika, markaði og listsköpun. Þar sem hópurinn samanstendur af mjög ábyrgu og metnaðarfullu fólki á aldrinum 19-23 ára metur menningarfulltrúi það svo að þeim sé fyllilega treystandi til að halda salnum snyrtilegum og að húsnæðið verði nýtt til að efla menningarstarfssemi í Garðabæ. Salur þessi hefur staðið ónotaður fyrir utan notkun hjá skapandi sumarstörfum s.l. sumar.